

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 4. janúar, 2023.

Fyrirlesari: Valur Gunnarsson, sagnfræðingur.

Efni: „Úkraína í stríði og friði“.

Mættir: 54 félagsmenn og nokkrir markar, skráðir í bók, en hún stoppaði einhvers staðar á leiðinni, svo að ekki eru allir skráðir.

Formaður setti fund stundvislega kl. 16 og var gengið formálalaust til auglýstrar dagskrár. Formaður kynnti fyrirlesara.

Fyrsta hálf tímann sýndi Valur myndir úr 4 mánaða dvöl s.l. sumar í Úkraínu og notaði þær til að sýna hinar ýmsu hliðar stríðsátakanna sem þá höfðu geisað í u.þ.b. hálf t. Fram að 2014 voru menn ekki endilega vissir um hvort þeir væru Rússar eða Úkraínumenn, en frá þeim tíma endurspeglast vaxandi þjóðerniskennid í viðleitni til að afmá allt rússneskt, s.s. stytur af Katrínu miklu og Lenín, en leggja mikla rækt við varðveislu minnismerkja um þjóðskáld og þjóðhetjur, en einnig minnismerki um stríðið í Afganistan og seinni heimsstyrjöldina, enda eru Úkraínumenn stoltir af framlagi sínu í Frelsisstríðinu mikla. Næst stríðsminnismerkjunum eru svo leiktæki barna. Myndir af eyðilögðum og yfirgefnum borgum, flóttafólki á lestarstöðvum, þreytulegum hermönnum, sandpokavirkjum og loftvarnarskýlum eru kunnuglegar úr fréttum. Valur varð ekki var við að fólk tæki loftvarnarskýlin sérlega hátíðlega. Sjálfsbjargarviðleitnin er sterk og mikil sjálboðavinna í uppbyggingu.

Seinni hálf tímann voru fjörugar umræður og fóru um víðan völl, allt frá Garðaríki og Þorvaldi víðförla til stöðunnar nú og hver sé líkleg framvinda. Flest á sér sögulegar skýringar og Valur útskýrði hugsanlegan uppruna vísunar Pútíns í nasista þegar innrásin hófst. Úkraínumenn tóku á sínum tíma þýskum nasistum fagnandi minnugir góðra tíma þegar hlutar Úkraínu tilheyrðu austuríska keisaraveldinu. Valur sá enga lausn í sjónmáli. Rússar hafa enga burði til að sækja meira fram og vantar fleiri menn til að verja það sem þeir hafa tekið. Ferill Pútíns er að veði. Engar líkur eru á að rússneskur almenningur steypi Pútín. Það væri þá frekar að það kæmi til hallarbyltingar. Og hvernig ætla Úkraínumenn að frelsa allt?

Í lokin kynnti formaður stuttlega hvað er framundan hjá félaginu, m.a. sumarferð á Kirkjubæjarklaustur og sleit fundi kl. 17:00.

Helga M. Ögmundsdóttir